

Nd.

747. Nefndarálit

[201. mál]

um frv. til laga um Landsvirkjun.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Þetta frumvarp er um heimild til að reisa stórt raforkuver í Þjórsá við Búrfell og veita ríkisábyrgð fyrir láni til þeirrar framkvæmdar.

Víst mun þörf að gera nú myndarlegt átak í virkjunarmálum, þar sem rafmagnsskortur er yfirvofandi.

Frumvarpinu fylgja áætlanir og skýrslur sérfræðinga, sem unnið hafa að rannsóknnum á fallvötnum og virkjunarmöguleikum undanfarin ár. Í fylgiskjali II segir raforkumálastjóri m. a.:

„Niðurstaðan er, að Búrfellsvirkjun án alúminíumbraðslu sé erfið fyrstu árin samanborið við smávirkanir, en ólíkt betri, þegar fram í sækir, eða sem svarar 360 Mkr. á 16 árum. Að sjálfsögðu má fara millileið og reikna með t. d. tveimur smávirkunum í stað þriggja, áður en ráðizt er í Búrfellsvirkjun, og bætir það smávirkanarleiðina. Á hinn bóginn mundi sú millileið ekki létta byrjunarörðugleika Búrfellsvirkjunar það mikið, að ekki sé réttara að ráðast í hana strax, ef nægileg lán eru fáanleg.“

Ög niðurlag á bréfi fyrirtækisins Harza Engineering Company International, dags. 24. apríl þ. á., er á þessa leið:

„Á grundvelli verkfræðilegra athugana og áætlana vorra um virkjun vatnsafls á Íslandi undanfarin sjö ár höfum við komizt að þeirri niðurstöðu, að eðlilegt sé og rökrétt að velja Búrfell sem næsta virkjunarstað til að fullnægja orkuþörf Suðvesturlands.“

Á umsögnnum þessara sérfræðinga byggjum við tillögu okkar um, að frumvarpið verði samþykkt.

Ráðgert er, að virkjunarfyrirtækið verði sameign ríkisins og Reykjavíkurborgar. Svo er einnig um Sogsvirkjunina.

Í 1. gr. frv. segir, að fyrirtækið skuli nefnast Landsvirkjun. Við viljum gera ráð fyrir því, að fyrirtæki, sem ber slíkt nafn, hafi það verkefni að fullnægja þörfum allra landsmanna fyrir rafmagn. En skýr ákvæði um þetta vantar í frumvarpið. Úr því viljum við bæta með því að flytja tillögu um breytingu á 3. gr. frv. Samkvæmt tillögu okkar á starfsemi Landsvirkjunar í upphafi að beinast að öflun raforku fyrir þau orkuveitusvæði, sem nú eru tengd Sogsvirkjun, en einnig verði það verkefni fyrirtækisins að fullnægja raforkuþörf allra landsmanna og reisa í því skyni aflstöðvar og aðalorkuveitur, eftir nánari ákvörðun Alþingis. Sama gjaldskrá fyrir rafmagn frá Landsvirkjun skuli gilda um allt land.

Við viljum láta haldast í gildi ákvæði raforkulaganna um, að samþykki Alþingis þurfi til að reisa raforkuver, sem eru yfir vissa stærð, og flytjum því tillögu um að fella niður 1. málslíð 7. gr. frv.

11. gr. frv. mælir svo fyrir, að stjórn Landsvirkjunarinnar skuli sjálf ákveða heildsöluverð á raforku frá fyrirtækinu. Við teljum óeðlilegt, að fyrirtæki, sem hefur einkasölu á rafmagni til mikils meiri hluta þjóðarinnar, hafi sjálft slíkt verðlagningarvald án opinberra afskipta. Því leggjum við til, að ráðherra sá, er fer með raforkumál, skuli staðfesta gjaldskrár Landsvirkjunar. Við teljum einnig réttara, að Hagstofan geri tillögur um þetta efni heldur en svonefnd Efnahagsstofnun.

Þá leggjum við mikla áherzlu á, að orkusölusamningar til langs tíma við iðju-fyrirtæki, sem nota meira en 100 millj. kWst. á ári, þurfi að samþykkjast af Alþingi, til þess að þeir séu gildir. Flytjum við breytingartillögu um, að fyrirmæli um þetta komi í stað ákvæða 2. málsg. 11. gr. frv.

Samkvæmt 6. gr. frv. er Landsvirkjun veitt heimild til að reisa allt að 210 þús. kW orkuver við Þjórsá, og í 15. gr. er ríkisstjórninni heimilað að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð fyrir láni, er Landsvirkjun tekur vegna virkjunarinnar, allt að 1204 millj. kr. — Segja má, að fullnægjandi hefði verið að veita nú heimild til að ráðast í fyrsta áfanga væntanlegrar virkjunar og ábyrgð fyrir láni, sem hefði verið nægjanlegt til þeirrar framkvæmdar, þar sem Alþingi hefði getað veitt viðbótarheimildir jafnskjótt sem þörf var fyrir stækkun virkjunarinnar. Við flytjum þó ekki tillögur um takmörkun á heimildum, hvorki til virkjunar né ríkisábyrgðar fyrir láni, þar sem við gerum ráð fyrir, að fram komnar upplýsingar sérfræðinga um, að hagkvæmt sé að stefna að fullvirkjun Þjórsár við Búrfell, séu réttar, þótt þær fram-

kvæmdir geti tekið allangan tíma, þar sem hraði þeirra fari eftir orkuþörfinni. En það skal skýrt fram tekið, að þó að við mælum nú þegar með ríkisábyrgð fyrir allri þeirri upphæð, sem áætlað er að taka þurfi að láni til fullvirkjunar Þjórsár við Búrfell, teljum við með öllu óheimilt að gera samning um raforkusölu til útlends fyrirtækis án þess, að sérstök lög um það hafi áður verið sett á Alþingi.

Allar meiri háttar framkvæmdir í raforkumálum hér á landi hafa verið gerðar af ríkinu eða með aðstoð þess. Þegar einstök bæjar- eða sveitarfélög hafa ráðizt í virkjanir fallvatna, hafa þau undantekningarlaust notið ríkisábyrgða til tryggingar lánnum, er þau hafa tekið til framkvæmdanna, og oft einnig beinnar aðstoðar ríkisstjórna við útvegum lánsfjár. Með slíkri aðstoð ríkisvaldsins var komið upp virkjunum við Sogið, sem eru stærstu mannvirki þeirrar tegundar hér á landi. Og enn er það íslenska ríkið, sem veitir ábyrgð og útvegar lánsfé erlendis til væntanlegrar Þjórsárvirkjunar, samkv. frv., sem hér liggur fyrir.

Í sambandi við þetta stóra mál er skylt að taka til ihugunar, hvernig séð er fyrir raforkuþörf fólksins, sem býr í öðrum héruðum. Þar hafa verið reist nokkur raforkuver af ríkinu og önnur með aðstoð þess, og síðustu 10 árin hefur verið unnið að dreifingu rafmagnsins um kaupþún og sveitabyggðir. Enn eru þó hátt á annað þúsund sveitabýli á landinu, sem hvorki hafa rafmagn frá samveitum né sérstökum vatnsaflsstöðvum. Og enn hafa ekki verið teknar ákvarðanir um framhald raflínulagna um sveitirnar, þó að telja megí, að nú sé um það bil lokið framkvæmd þeirrar 10 ára rafvæðingaráætlunar, sem unnið hefur verið eftir síðasta áratuginn.

Þingmenn Framsóknarflokksins hafa lagt fram tillögur á síðustu þingum um, að gerðar yrðu áætlanir um rafvæðingu allra byggða og heimila á landinu og yrðu þær áætlanir miðaðar við, að því verki yrði lokið fyrir árið 1969. Stjórnarflokkarnir hafa staðið gegn þessum tillögum. Tillaga um þetta efni var enn borin fram af framsóknarmönnum tímanlega á þessu þingi, og enn varð ágreiningur um málið í þingnefndinni, sem fékk tillöguna til athugunar. Stjórnarflokkamennirnir í nefndinni, sem eru þar í meiri hluta, hafa ekki annað fram að færa í þessu þýðingarmikla máli en tillögu um, að Alþingi vísi því til ríkisstjórnarinnar, sem hefur sýnt óskiljanlega tregðu í því að fallast á slíka áætlunargerð. Enn er því allt í óvissu um framkvæmdir. Raforkuráð er einn af þeim aðilum, sem á að fjalla um þetta mál, en þar eru engir fundir haldnir tímunum saman. Þar eru stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í meiri hluta og bera ábyrgð á aðgerðaleyssinu.

Það fólk, sem enn er án rafmagnsins, hefur lengi beðið þess með mikilli eftirvæntingu að fá vitneskju um, hvers það má vænta í þessu lífshagsmunamáli. En frá stjórnarvöldunum heyrir ekkert um fyrirætlanir þeirra, og allt bendir til þess, að núverandi ríkisstjórn hafi svo takmarkaðan áhuga á því að ljúka rafvæðingu sveitanna, að þær framkvæmdir dragist úr hófi fram.

Ætla má, að ekki séu fleiri en fimm af hverju hundraði landsmanna, sem enn eru án raforku frá samveitum eða sérstökum vatnsaflsstöðvum. Það er ósæmilegt með öllu að láta þetta fólk verða lengi enn utan við ljósið og ylinn, sem rafmagnið veitir. Þjóðfélaginu ber skylda til að ljúka rafvæðingunni á allra næstu árum, og það er vel framkvæmanlegt, ef nægur vilji er til þess. Það er lítið fjárhagslegt átak fyrir þjóðina. Og fólkið, sem enn er án rafmagnsins, á heimtingu á því að fá nákvæma vitneskju um það, án frekari tafar, hvenær þörf þess fyrir rafmagnið verður fullnægt. Sú víska, ef veitt verður, getur forðað því, að mörg vel nothæf býli og jafnvel heil byggðarlög leggist í eyði.

Eins og áður segir, hafa svo að segja allir landsmenn, sem nú njóta rafmagnsins, fengið þau hlunnindi með atbeina ríkisins. Og enn er það ríkið, sem á að útvega lánsfé til þeirrar stórvirkjunar, er um ræðir í þessu frv., og taka á sig ábyrgð á greiðslu þess. Það er því eðlilegt, að í sambandi við þetta mál verði tekið til ihugunar, með hvaða kjörum landsmenn fá rafmagnið frá þeim aflstöðvum og orkuveitum, sem ríkið hefur komið upp eða veitt óhjákvæmilega aðstoð til að koma

upp. Í fjárhagsnefnd komu fram þær upplýsingar, að heildsöluverð á rafmagni frá rafmagnsveitum ríkisins mundi nú vera ca. 30% hærra en heildsöluverð frá Sogsvirkjuninni, sem ríkið á að hálfu leyti. Og gízkað er á, að söluverð á rafmagni frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins sé nú um það bil 40—50% hærra en verðið hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Þessi verðmismunur þarf að hverfa. Allir landsmenn eiga að njóta sömu viðskiptakjara hjá þeim raforkufyrirtækjum, sem ríkið hefur komið upp. Það er réttlætismál. Því flytjum við þá breytingartillögu við frumvarpið, að inn í það verði bætt nýrri grein, sem mæli svo fyrir, að söluverð rafmagns frá rafmagnsveitum ríkisins til héraðsrafmagnsveitna skuli vera jafnhátt því verði, er Rafmagnsveita Reykjavíkur greiðir Landsvirkjun fyrir rafmagn, og verð á rafmagni frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins til notenda skuli vera hið sama og rafmagnsverð hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Enn fremur, að ríkissjóður skuli greiða þann halla, sem verða kann á rekstri rafveitna ríkisins vegna þessarar breytingar.

Í sambandi við það atriði málsins, sem hér hefur verið nefnt, þ. e. a. s. lækkun raforkuverðsins, þar sem það er hærra en í Reykjavík, má vekja athygli á ákvæðum 13. gr. frv., þar sem segir, að fella skuli niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til virkjunarinnar, en þetta er nýmæli í lögum. Engar upplýsingar liggja fyrir um þær fjárhæðir, sem ríkissjóður gefur Landsvirkjuninni eftir með þessu ákvæði frv., en þar er vitanlega um stórfé að ræða. Og sú eftirgjöf á ríkisgjöldum styður mjög þá tillögu, að um leið verði ákveðið, að ríkið leggi fram fé til lækkunar á rafmagnsverði í öðrum landshlutum, en af vélum og efni til raforkuvera og orkuveitna, sem þar hefur verið komið upp, hafa ætíð verið greidd full aðflutningsgjöld samkvæmt landslögum.

Með skirskotun til þess, er að framan greinir, leggjum við til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Starfsemi Landsvirkjunar skal í upphafi beinast að öflun raforku fyrir þau orkuveitusvæði, sem nú eru tengd Sogsvirkjun. Það er einnig verkefni Landsvirkjunar að fullnægja raforkuþörf allra landsmanna og reisa í því skyni aflstöðvar og aðalorkuveitur, eftir nánari ákvörðunum Alþingis. Sama gjaldskrá fyrir rafmagn frá Landsvirkjun skal gilda um land allt.

2. Á eftir 3. gr. komi ný grein, þannig:

Söluverð rafmagns frá rafmagnsveitum ríkisins til héraðsrafmagnsveitna skal vera jafnhátt því verði, er Rafmagnsveita Reykjavíkur greiðir Landsvirkjun fyrir rafmagn, og verð á rafmagni frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins skal vera hið sama og rafmagnsverð hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Ríkissjóður greiðir þann halla, sem verða kann á rekstri rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins vegna fyrirmæla þessarar greinar.

3. Við 7. gr. 1. másl. falli niður.

4. Við 11. gr.

a. Í stað „Efnahagsstofnunarinnar“ komi: Hagstofunnar.

b. Við 1. málsgr. bætist:

Ráðherra sá, sem fer með raforkumál, staðfestir gjaldskrár Landsvirkjunar.

c. 2. málsgr. orðist svo:

Til orkusölusamninga við iðjufyrirtæki, sem nota meira en 100 millj. kWst. á ári, þarf Landsvirkjun samþykki Alþingis.

Alþingi, 10. maí 1965.

Skúli Guðmundsson,
frsm.

Einar Ágústsson.